
Tilraunaeldi á gullinrafa á vegum Stolt Sea Farm, Reykjanesbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 1. febrúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stolt Sea Farm um fyrirhugað tilraunaeldi á seriola dumerili, Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Kynning á seriola tilrauna fiskeldi samhliða núverandi framleiðslu flúru hjá Stolt Sea Farm Iceland. Fyrirspurn um matsskyldu, janúar 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fiskistofu dags. 26. mars 2021.
- Hafrannsóknastofnun dags. 24. febrúar 2021.
- Matvælastofnun dags. 4. maí 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 18. febrúar 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 19. febrúar 2021.

Ekki barst umsögn frá Reykjanesbæ.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í greinargerð Stolt Sea Farm að fyrirhugað sé að gera breytingu á núverandi eldi og hefja tilraunaeldi á allt að 30 tonnum af gullinrafa (*seriola dumerili*) á starfsstöð fyrirtækisins að Vitabraut 7 á Reykjanesbæ. Stolt Sea Farm Iceland hefur alið flúru (*sole senegalensis*) frá árinu 2012 og hefur leyfi fyrir um 2000 tonna ársframleiðslu í stöðinni samkvæmt núgildandi starfsleyfi. Vegna aukins framboðs af heitu vatni hefur skapast tækifæri sem framkvæmdaraðili vill nýta til þess að ala nýja fisktegund, gullinrafa, sem sé verðmætur fiskur og seldur á sömu mörkuðum og flúran sem fyrirtækið framleiðir.

Fyrirhugað er að flytja inn 7.000-10.000 seiði af seriola dumerili og að fyrsta sending yrði að vori 2021 og sambærileg sending að hausti 2021. Seiði verða um 1 g að stærð við komu til landsins og verða alin innandyra í tönkum sem ekki eru í notkun í núverandi framleiðslu í 4-5 mánuði eða þar til þau hafa náð 250 g stærð. Þegar fiskurinn hefur náð 250 g stærð verður hann fluttur út í ker. Kerin verða 4 og um 500m³ að rúmtaki. Þar verður fiskurinn alinn þar til hann nær 3-4 kg þyngd og verður þá seldur. Hámarks lífmassi verður 30 tonn.

Fram kemur að notast verði við dælu- og innstreymiskerfi og útstreymi sem þegar er til staðar og er sérþróað fyrir flúru. Svæðið hefur þegar farið í deiliskipulag fyrir fiskeldi og öll jarðvinna frágengin



vegna væntanlegrar stækkunar. Tilraunaæiningin tekur um 400 m² innan núverandi 50.000 m² lóðar Stolt Sea Farm. Til tilraunaeldisins verða nýttir um 100 l/s af affalsvatni og jarðsjó sem sé lítill hluti af núverandi vatnsnotkun sem er um 800-1000 l/s. Ekki er þörf á að bora auka holur né gera breytingar á núverandi vatnsveitukerfi HS Orku.

Útstreymi frá kerjum mun sameinast fráveitu frá núverandi framleiðslu. Fóðurnotkun verður um það bil 35 -45 tonn á ári og því minniháttar aukning við þau 450-550 tonn af fóðri sem notað er í eldinu í dag.

Iðnaðarúrgangur, svo sem plastpokar, efni og annað sem fellur til við framleiðsluna verður meðhöndlaður innan núverandi framleiðslu og samkvæmt öllum lögum og reglum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Stolt Sea Farm og umsögnum umsagnaraðila.

Innflutningur á framandi lífverum og slyasleppingar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að til þess að draga úr hættu á að fiskur sleppi úr eldinu verði komið fyrir fiskgildrum í frárennsli, samskonar og notaðar eru við flúrueldið. Einnig kemur fram að umrædd fisktegund er hitabeltisfiskur og lifir því ekki við hitastig undir 14°C. Ekki sé sérstök hættu á að sjúkdómar berist í aðra fiska eða fólk sem vinnur við fiskeldið.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að fyrirhugaður innflutningur hafi verið til skoðunar hjá nokkrum faglegum nefndum sem sérhæfa sig í ráðgjöf til viðeigandi stofnana sem koma að þessari framkvæmd og eftirliti með eldi þessa fisks. Innflytjandi hefur sent áhættumat sem geri grein fyrir helstu atriðum er varða ytri áhættu, svo sem hættu á erfðablöndun og sjúkdómahættu fyrir villta náttúru eða fólk sem vinnur með fiskinn. Ekkert í umfjöllun þeirra eða í gögnum sem fylgja umsókninni hefur gefið ástæðu til að telja umhverfisáhrif framkvæmdarinnar sérstaklega neikvæð. Á þeim forsendum frá sjónarhorni sjúkdóma og dýravelferðar telur stofnunin að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um losun næringarefna frá eldinu ekki nægilega ítarlega. Fyrir endurskoðun á starfsleyfi mun Umhverfisstofnun krefjast ítarlegri upplýsinga frá rekstraraðila um útreikninga á losun frá eldinu og forsendur þeirra. Einnig telur stofnunin mikilvægt að varnir gegn slyasleppingum verði eins og best á kosið þar sem um er að ræða ræktun á framandi lífverum og minnir á að í núgildandi starfsleyfi er kveðið á um að rekstraraðili skuli beita bestu aðgengilegri tækni við mengunarvarnir en að jafnframt telji stofnunin ólíklegt að framkvæmdin hafi í för með umtalsverð áhrif á umhverfið.

Hafrannsóknastofnun telur umfangsaukninguna miðað við núverandi eldi ekki mikla, tegundina ekki líklega til þess að ógna náttúrulegum stofnum fiska eða að hún nái að verða ágeng tegund. Því telur Hafrannsóknastofnun ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna þessarar framkvæmdar.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að þar sem um er að ræða eldi í lokaðri landeldisstöð telur Fiskistofa litlar líkur á því að innflutningurinn og tilraunaeldið muni geta haft neikvæð áhrif á villta fiskistofna á eða við Ísland, að því gefnu að sjúkdómavarnir verði fullnægjandi. Eins og fram kemur í erindinu er um að ræða fisktegund sem lifir í hlýjum sjó og því ekki líklegt að tegundin myndi þrífast í sjó við Ísland.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð framkvæmd er háð innflutningsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um náttúruvernd og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Framkvæmdin er einnig háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á núverandi eldi þar sem fyrirhuguð er að hefja tilraunaeldi á allt að 30 tonnum af gullinrafa eða *seriola dumerili* samhliða núverandi eldi á flúru. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og gerð eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdar, með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með hliðsjón af álagspoli náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis og hverjar líkur séu á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslítið tilraunaeldi til viðbótar við það eldi sem þegar fer fram í eldisstöð Stolt Sea Farm. Allir innviðir eru þegar til staðar og einu framkvæmdirnar koma til með að felast í að eldiskerum verður komið fyrir á lóð fyrirtækisins á svæði sem þegar hefur verið raskað. Eldinu mun fylgja minniháttar aukning á magni lífrænna næringarefna sem berast til sjávar. Um er að ræða eldi á hitabeltistegund í lokaðri eldisstöð. Með hliðsjón af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum telur Skipulagsstofnun ólíklegt að eldi á gullinrafa komi til með að ógna náttúrulegum fiskistofnum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. júní 2021.

Reykjavík, 12. maí 2021

Egill Þórarinnsson

Tinna Jónsdóttir